

Þingskjal 9

Tillaga til ályktunar - Nýtt knattspyrnufélag í Breiðholti -

Lagt er til að ársþing KSÍ 2025 samþykki eftirfarandi tillögu:

Að nýtt sameinað félag, knattspyrnudeildar ÍR og íþróttafélagsins Leiknis taki sæti í deildarkeppni karla og kvenna keppnistímabilið 2027 í samræmi við stöðu félagsins sem hærra stendur í loks keppnistímabilsins 2026.

Jafnframt að hið nýja félag taki stöðu allra yngriflokka í deildum og riðlum 2027 eftir stöðu þess félags sem hærra stendur í lok tímabils 2026.

Einnig að hvort heldur sem nýtt félag verði stofnað undir nýrri kennitölu eða notist við eldri kennitölu hafi það ekki áhrif á tillögu þessa.

Þó gildi eftirfarandi fyrirvarar vegna þessarar samþykktar:

- Ofangreind tillaga öðlast aðeins gildi ef að aðalfundur félaganna tveggja, Leiknis og ÍR samþykkja tillögu starfshóps um stofnun hins nýja félags sem ber starfsheitið Breiðholt á aðalfundum sínum apríl 2026.
- Að stofnfundur hins nýja félags hafi farið fram fyrir 1. desember 2026

Greinargerð

Á haustmánuðum 2025 fór hópur af stað með verkefnið Breiðholt og kynnti það fulltrúum beggja félagana. Íþróttafélagið Leiknir og knattspyrnudeild ÍR hafa svo í framhaldi af vinnu þessa hóps ritað undir viljayfirlýsingu um stofnun nýs félags.

Verkefnið er margþætt og snýr meðal annars að:

- Íþróttapáttöku barna í Breiðholti
- Aðgengi barna að skipulögðu íþróttastarfi
- Tækifærum til að efla enn frekar faglegt starf innan hverfisins
- Auka verulega samstarf um tómstundir barna.

Aukinheldur að efla allt afrekstarf, alla umgjörð og aðbúnað knattspyrnunnar í hverfinu.

Síðast en ekki síst að sameina eitt stæðsta hverfi landsins í stuðningi, samkennd og samfélagi sem eina heild.

Það er ljóst að til þess að af þessari sameiningu geti orðið verður að liggja fyrir samþykki ársþings um stöðu hins nýja félags í deildarkeppnum árið 2027.

Það liggur svo í hlutarins eðli að betra er að aðildarfélög KSÍ vita af þessum umleitunum fyrir keppnistímabilið 2026 og hvaða mögulegu áhrif þær gætu haft á stöðu annara félaga.

Umsögn mótanefndar KSÍ um þingskjal nr. 9 „Tillaga til ályktunar – Nýtt knattspyrnufélag í Breiðholti“

Í tillögunni kemur fram að stofnfundur félagsins sé í síðasta lagi 1. desember 2026.

Hafa verður í huga að Þátttökutilkynningum í meistaraflokki ber að skila í síðasta lagi 10. nóvember ár hvert.

Ef af sameiningunni verður þarf að flytja lið upp um deildir skv. reglugerð, því er mikilvægt að það liggi fyrir þegar þátttaka er tilkynnt.

Að mati nefndarinnar þarf stofnun félagsins að vera lokið tímalega fyrir 10. nóvember svo nýtt félag geti tilkynnt þátttöku í mótið 2027.

Í því samhengi að þá liggi jafnframt fyrir samþykkt ÍBR og ÍSÍ um stofnun félagsins.